



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2020

Umsögn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Í tillögu mennta- og menningarmálaráðherra til þingsályktunar um mennastefnu til ársins 2030 er tæpt á mörgum þáttum menntunar. Margir umsagnaraðilar hafa þegar vikið að mörgu því jákvæða sem í tillögunni er að finna, sem hægt er að taka undir. Í umsögn Menntavísindasviðs verður sjónum beint að nokkrum þáttum sem mætti íhuga við endurskoðun þingsályktunarinnar.

Menntun er siðferðilegt viðfangsefni, fremur en tæknilegt

Sannarlega er menntun barna og ungmenna samofin allri velferð og farsæld þjóða, en menntun barna hefur gildi í sjálfri sér, hún skal vera framúrskarandi fyrir börn hverju sinni og það samfélag og samhengi sem menntakerfinu tilheyrir. Menntun er ekki einvörðungu tæknilegt úrlausnarefni, hún er fyrst og síðast siðferðilegt viðfangsefni sem felst í gagnvirku samspili nemenda og kennara og annars fagfólks í lærdómsumhverfi barna, sem og skóla og samfélags. Nám alla ævi verður ekki skilið í bókstaflegri merkingu orðanna, heldur að námið sé *um lífið og fyrir lífið*.

Almennt vekur það undrun hve oft tillagan fer út í tæknilegar hliðar framkvæmdar menntastefnu, spyrja má þeirrar spurningar hvort menntastefna ætti ekki öllu fremur að vera knappt og hvetjandi leiðarljós um fáa þætti sem sameinað geta bandamenn um framúrskarandi menntakerfi. Það er gömul saga og ný að menntastefna sem ætlar að gera öllum til hæfis gerir að endingu engum til hæfis. Almennt má í tillögunni skoða vel hvort viðhorf til menntunar einkennist of mikið af hinu tæknilega, talað er um *vinnuafli* í staðinn fyrir *fólk*, *samhæfingu* þjónustuaðila í stað þess að vísa til *samstarfs ólíkra fagstétta*.

Megingildi menntunar

Mannkynið stendur frammi fyrir risastórum áskorunum/viðfangsefnum. Mikilvægasta hlutverk menntakerfa hlýtur að vera að yta undir að börn og ungmenni þroski með sér getu til að taka sjálfstæðar ákvarðanir og tileinka sér gagnrýna hugsun. Þau verða að öðlast trú á að það sé á þeirra valdi að skilja og hafa áhrif á samfélag sitt, umhverfi og náttúru – og að þau beri í sameiningu ábyrgð á velferð samfélagsins, sinni eigin sem og annarra. Það má velta því upp hvort megingildi stefnunnar sem eru kynnt: *velliðan*, *þrautseigja* og *árangur*, endurspegli nægilega vel þá eiginleika sem við viljum að einkenni fólk. Þessi hugtök vísa til einstaklings fremur en

samfélags. Það má einnig deila um það hvort þessi hugtök séu gildi, ef til vill fremur lykilstef þeirrar stefnu sem lögð er fram. Ekki er ljóst hvernig þessi þrjú „gildi“ eiga að leysa af hendi þær sex grunnstoðir eða gildi menntunar sem voru sett fram í aðalnámsskrám 2011: Lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, sköpun, læsi og heilbrigði og velferð. Þótt sannarlega megi gagnrýna innleiðingu og eftirfylgni með þessum mikilvægu gildum í daglegu skólastarfi, þá má sjá áhrif þeirra með margvíslegum hætti í skóla- og frístundastarfi og þau hafa mótað og dýpkað skilning á því sem tengir okkur saman, fremur en það sem aðskilur okkur.

Formleg og óformleg menntun

Í annarri setningu kemur fram að „Formleg jafnt sem óformleg menntun er grundvöllur velsæðar og framfara þjóða ...“. Þessi sýn endurspeglar að takmörkuðu leyti í textanum sjálfum. Stuttu síðar kemur fram að „skóla og fræðsluaðilar eru einu stofnanir samfélagsins sem geta tryggt öllum tækifæri til að undirbúa þátttöku í virku lýðræði, þjálfað gagnrýna og skapandi hugsun og getuna til að mæta ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum.“ Þó að á engan hátt sé dregið úr mikilvægi skólakerfisins, þá er það svo að líf og þátttaka einstaklinga utan skóla, í tómstunda- og æskulýðsstarfi, íþróttastarfi, listum og jafningjahópnum hafa ríkuleg áhrif á þroska og velferð einstaklingsins. Þetta hafa rannsóknir óumdeilt dregið fram á síðustu áratugum. Þá hefur á síðustu áratugum fjölgað mjög fagfólki sem starfar bæði innan og utan skóla og starfar gjarnan í nánnum tengslum við bæði kennara og foreldra. Hér er m.a. um að ræða tómstunda- og félagsmálafræðinga, uppeldis- og menntunarfræðinga, þroskaþjálfara, náms- og starfsráðgjafa. Hér er því tekið rækilega undir með þeim ábendingum sem finna má í umsögn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Skóla- og frístundastarf

Heildstæð sýn á menntun og samstarf ólíkra fagstétta er kjarninn í menntun fyrir alla og í skóla- og frístundastarfi án aðgreiningar. Gagnrýna má skort á áherslu í tillögunni á hið hálfformlega nám sem á sér stað á vettvangi frítímans, en flest sveitarfélög skilgreina menntun á þann veg að hún nái út fyrir vegg skólans (sjá t.d. umsögn skóla- og frístundasviðs Rvk).

Hér er lagt til að í D-hluta meginmarkmiða verði gerð eftirfarandi breyting: „Samábyrgð ríki um framkvæmd og gæði skóla-, **fræðslu- og frístundastarfs**“ (í stað skóla- og fræðslustarfs) og texta sé breytt víðar til samræmis. Þessi hugtök mætti líka nota til skiptis eftir samhengi hverju sinni.

Fagfólk á sviði menntunar færir í sífellu út landamæri þekkingar og í þverfaglegu samstarfi á sér stað mikilvægur lærdómur, sem ýtir undir sameiginlegan skilning á því hvað og hvernig börn læra, hvernig þau þroskast og hvernig styrkleikar þeirra í námi og leik fá notið sín. Í tillögu að menntastefnu er því lykiltríði að þær fjölmörgu fagstéttir sem styðja við skóla margbreytileikans fái rými og séu ávarpaðar. Sérstaklega er þetta áréttátt í umfjöllun um vellíðan og velferð, það hefur skipt sköpum fyrir börn á jaðrinum að starfsfólk í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum, náms- og félagsráðgjafar, uppeldis- og menntunarfræðingar, skólasálfræðingar og annað starfsfólk stoðþjónustu vinni þétt með skólum að því að tryggja velferð þeirra.

Nýliðun kennara

Stjórnvöld hafa verið leiðandi í sértækum aðgerðum til að efla nýliðun kennara, s.s. með styrkjum til kennaranema og samkomulagi um launað starfsnám á lokaári kennaranáms. Þær aðgerðir hafa þegar skilað nokkrum árangri, en betur má ef duga skal. Eitt leyfisbréf til kennslu var sett á með nýjum lögum 1. janúar 2020 og mun koma í ljós á næstu misserum hvaða áhrif sú breyting hefur á nýliðun og þróun kennarastarfsins. Háskólar endurskoða um þessar mundir kennaramenntun í ljósi nýrra laga og leggja kapp á samstarf við skólasamfélagið. Ástæða er til að ítreka þá alvarlegu stöðu sem uppi er í leikskólum landsins, en talið er að um 1200 leikskólakennara vanti til starfa. Eru því stjórnvöld eindregið hvött til að líta til þess í aðgerðaráætlun, m.a. með sértækum aðgerðum svo sem stuðningi við fagháskólanám í leikskólafræðum, innleiðingu á raunfærnimati og með átaki til að mennta þá fjölmörgu starfsmenn af erlendum uppruna sem starfa í leikskólum landsins.

Starfsþróun kennara og skólastjórnenda

Því er fagnað að hér sé kveðið á um að lögfesta skuli hlutverk háskóla í starfsþróun, ekki síst kennara og skólastjórnenda. Mikilvægt er að þessu sé fylgt eftir og að þessu verkefni fylgi aukið fjármagn til háskóla sem mennta kennara. Kennslufræðileg forysta skólastjórnenda er gríðarlega mikilvægur þáttur sem hlúa þarf að sérstaklega, enda sýna íslenskar rannsóknir fram á að tæknileg úrlausnarefni sem tengjast stjórnun skóla séu of fyrirferðarmikil í starfi stjórnenda, á kostnað faglegrar forystu. Stjórnvöld þurfa að taka höndum saman um að snúa þeirri þróun við, meðal annars með því að tryggja skólastjórnendum hvoru tveggja, starfsþróun og starfsskilyrði við hæfi.

Traust og frelsi til athafna er kennurum mikilvægt, hvort sem um er að ræða þróun námsmats, nýtingu gagna og mælinga, starfsþróun eða starfshætti. Stjórnvöld leggja línur að vissu leyti en kennarar og stjórnendur verða að skynja traust í sinn garð og tækifæri til að vefa þessa mikilvægu þætti saman við dómgreind sína. Fyrst og síðast er þróun kennsluhátta, námsmats og starfsþróunar byggt á ígrundun kennara um eigið starf, í hópi jafningja. Því er fagnað að lærdómssamfélagið fái byr undir báða vængi í tillögunni, enda sífellt fleiri rannsóknir sem sýna fram á gildi þeirra fyrir framúrskarandi skólastarf. Varast ber oftrú á ytri mælikvarða sem varpa ljósi á afmarkaða þætti skólastarfs. Það þarf líka að horfa til þeirra þátta sem ekki verða mældir heldur fremur metnir af því hvernig einstaklingnum gengur að lifa og starfa í samfélagi við aðra, byggja upp traust og trúnað, sýna væntumþykju og virðingu. Hér er því hvatt til þess að kennurum og öðru fagfólki á sviði menntunar sé treyst til að leiða þær menntaumbætur sem þörf er á hverju sinni, þó slíkar umbætur byggist ávallt á ríkri samvinnu við hagsmunaaðila og stjórnvöld. Það sem gerist innan skólanna á sér iðulega sterk tengsl við nærsamfélagið. Skólinn er ekki eyland.

Menntarannsóknir

Menntakerfi, líkt og samfélagið sjálft, mótast af öflum sem stundum eru dulin og þarf að draga fram í dagsljósið. Rannsóknir á ólíkum menntakerfum og tengslum þeirra, á kennsluháttum, fagmennsku, árangri og félagslegum aðstæðum, svo nokkur dæmi séu tekin, skipta miklu máli til að renna styrkari stoðum undir þá flóknu félagslegu ferla sem styðja við nám og þroska. Slíkar rannsóknir þurfa að vera þverfræðilegar, vandaðar og taka til ólíkra viðfangsefna og aðferðafræðilegra sjónarhorna. Menntarannsóknir hér á landi hafa stórauð og vinna rannsakendur bæði með innlendum og alþjóðlegum samstarfsaðilum að framkvæmd og miðlun rannsókna. Erfitt

hefur reynst að fjármagna rannsóknir á skólastarfi og kennsluháttum, þ.e. hagnýtar rannsóknir sem unnar eru í nánu samstarfi við fagfólk og menntastofnanir. Stjórnvöld eru því eindregið hvött til aðgerða, til að mynda með því að stofna sérstakan hagnýtan menntarannsóknasjóð að norrænni fyrirmynd.

Starfsemi háskóla

Tryggja þarf að framlög til Háskóla Íslands nái meðaltali Norðurlanda, en enn vantar töluvert upp á það. Þrátt fyrir það hefur háskólinn sýnt sig og sannað sem alþjóðlegur rannsóknarháskóli á heimsmælikvarða sem skapar þekkingu og undirbýr nemendur til virkrar þátttöku í nútímasamfélagi. Það skiptir miklu máli að hér skuli staðfest mikilvægi þess að Ísland nái meðaltali nágrannaríkja þegar kemur að fjármögnun háskóla.

Tekið er undir að bráðnauðsynlegt sé að efla iðn- og starfsmenntun. Fram kemur að til standi að breyta lögum um háskóla svo iðnmenntaðir njóti sömu réttinda og þeir sem lokið hafa stúdentsprófi við inngöngu í háskóla. Rétt er að benda á að ekki er langt síðan að róttækar breytingar urðu á námsskrá framhaldsskóla sem leiddu til mikillar fjölbreytni í námsleiðum innan skólanna og kröfum þeirra til stúdentsprófs. Í kjölfarið varð sú breyting að framhaldsskólinn var stytur um eitt ár. Greining á áhrifum þessara umfangsmiklu breytinga hefur ekki farið fram. Því er hér ráðlegt að fara hægt í sakirnar hvað varðar breytingar á inntökuskilyrðum í háskóla.

Lokaorð

Menntavísindasvið Háskóla Íslands fagnar því að fram sé komin yfirgripsmikil tillaga frá mennta- og menningarmálaráðherra sem ávarpar mikilvægi menntunar fyrir íslenskt samfélag. Áriðandi er að tillagan fái góða umfjöllun og að tækifæri verði nýtt til að skerpa á ýmsum lykilþáttum, s.s. markmiði og gildi menntunar, heildstæðri sýn á menntun og samvinnu ólíkra fagstétta.

Umsögn þessi nær ekki að tæpa á mörgum mikilvægu þráðum sem tvinnast saman í skjalinu sem hér er til umfjöllunar. Það er von mín að umræður um þingsályktunartillögu þessa auki skilning á því að menntun er umfangsmikið samfélagslegt verkefni sem kallar á virka þátttöku fjölmargra aðila.

Virðingarfyllst,

Kolbrún Þ. Pálsdóttir

Forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

kolbrunp@hi.is